

milli sömu aðilja út af sama sakarefni, en það mál var síðan hafið af réttarfarslegum ástæðum.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt, að stefnda greiði stefnanda kr. 2200.00 í málskostnað.

Árni Tryggvason, settur borgardómari, kvað upp dóm þenna.

Því dæmist rétt vera:

Stefnda, Flugfélag Íslands h/f, greiði stefnanda, Harry Rosenthal, kr. 40000.00 með 5% ársvöxtum frá 16. jan. 1943 til greiðsludags og kr. 2200.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 12. júní 1944.

Nr. 120/1943. **Valdstjórnin** (Garðar Þorsteinsson)  
gegn

**Hjálmar Þorsteinssyni** (Gústav A. Sveinsson).

Brot á ákvæðum um verðlag.

### Dómur hæstaréttar.

Eftir að héraðsdómur gekk, hefur Margrét Gústafsdóttir, sem stjórnar saumum í Kápubúðinni á Hverfisgötu 34, fengið meistarapróf í kvenklæðaskurði, en veiting þessara réttinda nú getur ekki skipt máli um kæruatriði þessa máls, og með því að fallast má á forsendur dómsins, verður að staðfesta hann.

Kærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, kr. 450.00 til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Kærði, Hjálmar Þorsteinsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæsta-

réttarlögmannanna Garðars Þorsteinssonar og Gústavs A. Sveinssonar, kr. 450.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

**Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 30. nóv. 1943.**

Ár 1943, þriðjudaginn 30. nóvember, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var í Pósthússtræti 3 af fulltrúa sakadómará, Einari Arnalds, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2802/1943: Valdstjórnin gegn Hjálmari Þorsteinssyni, sem tekið var til dóms 5. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Hjálmari Þorsteinssyni, til heimilis Þjórsárgötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn tilkynningu verðlagsstjóra frá 20. apríl, 29. maí og 29. júní 1943 um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa, sbr. lög um verðlag nr. 3 13. febrúar 1943.

Kærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur hvorki sætt ákæru né refsingu, svo að kunnugt sé.

Tildrög þessa máls eru þau, að hinn 20. apríl 1943 birti verðlagsstjórinn tilkynningu, þar sem sagt var, að viðskiptaráðið hefði sett hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumastofa og kjólasaumastofa. Samkvæmt þessari tilkynningu var klæðskeraverkstæðum heimilað að taka hærri saumalaun fyrir saumaskap á drögtum og kvenkápum en kjólasaumastofum. Að því er snerti klæðskeraverkstæði gengu ákvæði þessi í gildi 1. maí, en að því er snerti kjólasaumastofur hinn 7. maí s. l.

Kærði veitir forstöðu kápubúðinni á Hverfisgötu 34 hér í bæ og hefur ráðið verðlagningu á efni og þeirri vinnu, er kápubúðin selur, en það er efni í og saumaskapur á drögtum og kvenkápum. Hann er ekki talinn eigandi þessarar kápubúðar.

Hinn 2. maí s. l. átti kærði tal við verðlagsstjóra og tilkynnti honum, að hann teldi kápubúðina hafa rétt til að reikna saumalaun eins og klæðskeraverkstæði, þar sem kápubúðin hafði fagmann, frú Margréti Gústafsdóttur, til þess að sjá um saumaskap. Virðist kærði ekki hafa fengið skýr svör við þessu hjá verðlagsstjóra eða starfsmönnum hans fyrr en 24. maí s. l., en þá tilkynnti trúnaðarmaður verðlagsstjóra kærða, að kápubúðin yrði að nota taxta kjólasaumastofa. Sama dag fór lögmaður kærða þess á leit við verðlagsstjóra, að kápubúðinni væri veittur frestur á að breyta taxta sínum. Hefur lögmaðurinn borið, að verðlagsstjóri hafi fallið á að veita frest meðan tilraunir stæðu yfir að útvega nefndri Margrétu Gústafsdóttur meistarabréf eða viðurkenningu um, að hún hefði meistararéttindi í klæðskeraiðn, en verðlagsstjóri hafi

getið þess um leið, að fresturinn mætti ekki dragast úr hófi fram. Verðlagsstjóri hefur skýrt svo frá, að farið hafi verið fram á frest í nokkra daga og því borið við, að eigendur kápúbúðarinnar myndu innan skamms geta sýnt fram á, að kona sú, er veitti kápúbúðinni faglega forstöðu, hefði fullkomin klæðskerameistararéttindi, og kveðst verðlagsstjóri hafa veitt þennan frest.

Hinn 11. júní s. l. tilkynnti kærði verðlagsstjóra í bréfi, að nefnd Margrét Gústafsdóttir hafi 10. s. m. fengið bréf frá lögreglustjóranum í Reykjavík um iðnréttindi hennar, og segist kærði vænta þess, að kápúbúðin fái að hafa sama taxta á saumaskap og klæðskeraverkstæði.

Þetta bréf lögreglustjóra hljóðar svo:

„Þar sem þér hafið fært sönnur á, að þér hafið stundað karlmannafatasam fyrir 1. janúar 1928, þegar lög nr. 18/1927 um iðju og iðnað gengu í gildi, þá hafið þér rétt til að stunda þessa iðngrein á sama hátt og þér gerðuð fyrir 1. janúar 1928.“

Verðlagsstjóri taldi bréf þetta frá lögreglustjóranum ekki jafngilda meistarabréfi, og var kærða tilkynnt hinn 12., 15. eða 16. júní s. l., að verðlagsstjóri teldi kápúbúðinni vera óheimilt að nota taxta klæðskeraverkstæða, heldur yrði kápúbúðin að selja framleiðslu sína samkvæmt auglýstum taxta kjólasaumastofa. Kærði breytti ekki verðlaginu í kápúbúðinni á saumaskap, er honum hafði verið tilkynnt þetta, heldur notaði taxta klæðskeraverkstæða eftir sem áður. Byggir kærði réttinn til að mega nota taxta klæðskeraverkstæða á því, að bréf það, sem nefnd Margrét, er sér um saumaskap kápúbúðarinnar, fékk frá lögreglustjóranum í Reykjavík, jafngildi meistarabréfi, og að hún hafi því meistararéttindi í klæðskeraiðn.

Frá 16. júní til 16. september s. l. hefur kápúbúðin alls selt um 16—17 kvenkápur, en engar dragtir. Saumalaun fyrir flestar þessar kápur, en ekki allar, hafa verið tekin samkvæmt taxta þeim, er viðskiptaráð hefur ákveðið fyrir klæðskeraverkstæði, en ekki er hægt að staðreyna þetta nánar, þar sem þetta mun ekki fært sérstaklega í bókum kápúbúðarinnar. Samkvæmt tilkynningu verðlagsstjóra frá 29. maí 1943 mega klæðskeraverkstæði ekki taka hærri saumalaun fyrir kvenkápur en kr. 176.00, en kjólasaumastofur mega hæst taka kr. 145.00. Þetta verðlag var í gildi júnímánuð, en frá 1. júlí, breyttust tölur þessar þannig, að fyrir klæðskerasaumaðar kvenkápur mega saumalaun vera hæst kr. 172.50, en saumalaun fyrir kápur saumaðar á kjólasaumastofum mega hæst vera kr. 141.50.

Með lögum nr. 18/1927 voru fyrst sett almenn ákvæði um skilyrði til þess að mega stunda eða reka iðn hér á landi, og komu þau til framkvæmda 1. janúar 1928. Í 27. gr. laga þessara er svo ákveðið, að þeir er ráku iðn samkvæmt eldri lögum, skuli halda

þeim rétti, en eigi er talið, að réttur til iðnaðar, er maður hefur samkvæmt þessari grein, sé af honum tekinn með lögum nr. 105/1936. Samkvæmt þessu hefur lögreglustjórinn í Reykjavík viðurkennt rétt frú Margrétar Gústafsdóttur til að mega stunda karlmannafatasaum á sama hátt og hún gerði fyrir 1. janúar 1928. Til þess að öðlast þessa viðurkenningu hefur frú Margrét Gústafsdóttir einungis þurft að færa sönnur á, að hún hafi stundað þessa iðngrein fyrir 1. janúar 1928, án þess að þurfa að leggja fram nokkur gögn um fagkunnáttu sína. Til þess að öðlast meistarabréf er hins vegar krafizt, að maður hafi sveinsbréf í iðninni og að hann hafi að sveinsprófi loknu unnið ekki skemur en 3 ár samtals sjálfstætt og undir stjórn meistara. Nefnt bréf lögreglustjórans í Reykjavík til frú Margrétar Gústafsdóttur verður því ekki talið jafngilda meistarabréfi, enda hefur Iðnráðið í Reykjavík synjað henni með bréfi, dags. 23. sept. s. l., um meðmæli til að fá að leysa meistarabréf í klæðskeraiðn.

Þar sem telja verður, að í tilkynningum viðskiptaráðs um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða sé átt við verkstæði, sem veitt sé fagleg forstaða af mönnum, sem hafa fengið opinbera viðurkenningu á, að þeir hafi meistararéttindi í klæðskeraiðn, sbr. orðið „sniðmeistari“, en kona sú, er veitti og veitir kápúbúðinni Hverfisgötu 34 faglega forstöðu, hefur ekki, samkvæmt framansögðu, meistararéttindi í þessari iðngrein, þá hefur kærði, eins og málsatvikum hefur verið lýst, selt saumaskap á kvenkápum of háu verði og þar með brotið gegn tilkynningum verðlagsstjóra frá 29. maí og 29. júní s. l. um hámarksverð og hámarksálagningu á vinnu klæðskeraverkstæða, hraðsaumstofa og kjólasaumastofa.

Þar sem eigi er unnt að staðreyna, hverju ólöglegur ágóði af verðlagsbroti þessu nemur, verður þegar af þeirri ástæðu sá ágóði eigi gerður upptækur.

Refsing kærða fyrir áðurnefnt brot þykir samkvæmt 2. mgr. 9. gr. verðlagslaga nr. 3 13. febrúar 1943 hæfilega ákveðin 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Gústavs Sveinsonar, kr. 400.00.

Rekstur málsins hefur verið vitalaus.

#### Því dæmist rétt vera:

Kærði, Hjálmar Þorsteinsson, greiði 500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald í 20 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnar-

laun skipaðs verjanda síns, hrl. Gústavs Sveinssonar, kr. 400.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 14. júní 1944.

Nr. 42/1944. **Réttvísín og valdstjórnin**  
(cand. jur. Ragnar Ólafsson)  
gegn

**Adolph Bergssyni**, (Theódór B. Lindal)

**Friðjóni Bjarnasyni** (Egill Sigurgeirsson)

og

**Guðmundi Ragnari Guðmundssyni**

(Sigurður Ólason).

Fölsun skömmtunarseðla og þjófnaður, og notkun falsaðra skömmtunarseðla.

#### Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómi hefur verið áfrýjað að því er varðar ákærðu Adolph Bergsson, Friðjón Bjarnason og Guðmund Ragnar Guðmundsson.

Það þykir viðurhlutamikið að telja sannað, að ákærði Adolph Bergsson hafi verið hlutdeildarmaður að stuldi ákærða Guðmundar R. Guðmundssonar á skömmtunarseðlum. Ber því að sýkna ákærða Adolph af þessu ákæruatriði. Að öðru leyti eru brot ákærða, sem rétt er lýst í héraðsdómi, réttilega heimfærð þar til refsíákvæða. Þykir refsing ákærða Adolphs Bergssonar hæfilega ákveðin 14 mánaða fangelsi. Með þessum breytingum þykir mega staðfesta héraðsdóminn, að því leyti sem honum er áfrýjað.

Ákærði Adolph Bergsson greiði málf lutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti, kr. 1200.00. Ákærði Friðjón Bjarnason greiði málf lutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti kr. 1000.00. Ákærði Guðmundur Ragnar Guðmundsson greiði málf lutningslaun skipaðs verjanda síns fyrir hæstarétti kr. 1000.00. Allur annar áfrýj-